

Á FAGLEGUM NÓTUM

Angus holdanaut frá Nautís fædd 2019

Guðmundur Jóhannesson

 ábyrgðarmaður í
nautgriparækt
mundi@rml.is


Holdanautakynið Aberdeen Angus er óþarft að kynna enda kjötgæði þess rómuð og kjötnýting mjög góð. Kynið hentar vel þar sem áhersla er lögð á nýtingu beitar og gróffóðurs ásamt góðum móðureiginleikum, mjólkurlagni og léttan burð.

Við val á fósturvísium til uppsetningar hérlendis var sérstaklega horft til nauta sem gefa góða móðureiginleika til uppbyggingar á Angus-holdanautastofni hérlendis. Á árinu 2018 fæddust kálfar undan Li's Great Tigre NO74039 og First Boyd frá Li NO74033 en feður þeirra nauta sem fæddust 2019 og hér eru kynntir eru tveir, Hovin Hawk NO74043 og Horgen Erie NO74029.

Hovin Hawk
Hovin Hawk, f.22. janúar 2012

hjá Espen Krogstad, Tyrstrand við Tyrifjarðarvatn í Biskupsruð (Buskerud). Þetta er gott kynbótanaut sem gefur ríflega meðalstóra kálfa með léttan burð, bæði hjá kúm og kvígum, góðan vaxtarhraða, mikinn fallþunga og góða flokkun. Mæðraeiginleikar dætra eru hins vegar undir meðallagi.

Horgen Erie

Horgen Erie, f. 2. apríl 2009 hjá Gudbrand Johannes Qvale, Auli í

Akurshúsum (Akershus). Horgen Erie er alhliða kynbótanaut sem gefur léttan burð, bæði hjá kúm og kvígum, góða vaxtargetu og mjög góða flokkun. Mæðraeiginleikar dætra hans, þ.e. gangur burðar og mjólkurlagni, eru mjög miklir.

Til samanburðar við tölur um vöxt gripa á Stóra-Ármóti má nefna að Aberdeen Angus gripir á uppeldisstöðinni á Staur í Noregi voru að vaxa um 1.204-1.666 g/dag við uppgjör í apríl 2020. Í þeim hópi var einn sonur Hovin Hawk

NO74043. Nautin sem fæddust á Stóra-Ármóti árið 2018 uxu um 1.304-1.694 g/dag frá fæðingu til og með apríl 2019.

Sæðistaka hafin

Þegar þetta er skrifað er sæðistaka úr þessum nautum hafin en ekki liggur fyrir hver árangur úr henni verður. Það er þó von allra sem að verkefninu standa að síðar í sumar standi þessi naut kúabændum til boða við sæðingar um land allt.

HAUKUR 19401 - ET (1662742-0013)

Fæddur 29. júní 2019 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F.	Hovin Hawk NO74043	M.	Mose av Grani NO102588
Ff.	Te Mania Berkley B1 AUVMTB1	Mf.	First Boyd frá Li NO74033
Fm.	Hovin Victoria NO23868	Mm.	Kaja av Grani 0794
Fff.	Te Mania Yorkshire Y437 AUVTMY437	Mff.	Boyd Next Day US15347911
Ffm.	Te Mania Lowman Z53 AUTMZ53	Mfm.	NO29125
Fmf.	Circle A2000 Plus US12798179	Mmf.	L. General AUVLYG1730
Fmm.	DMM Lady Essence 4e CA40228	Mmm.	NO30796

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur og útlögumikill með miklar og vel holdfylltar herðar. Bakið breitt og holdfyllt, malir langar og ákaflega breiðar og holdugar. Holdfylling í lærum mikil og góð. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Vottar fyrir slöðri aftan herðar en Haukur er ákaflega langvaxinn og vel gerður gripur.

Umsögn: Fæðingarpungi var 49 kg. Við vigtun 29. maí 2020 vó Haukur 666 kg og hafði því vaxið um 1.842 g/dag frá fæðingu. Haukur hefur alla tíð sýnt gríðarlega mikla vaxtargetu.


VALUR 19402 - ET (1662742-0017)

Fæddur 3. júlí 2019 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F.	Hovin Hawk NO74043	M.	Mose av Grani NO102588
Ff.	Te Mania Berkley B1 AUVMTB1	Mf.	First Boyd frá Li NO74033
Fm.	Hovin Victoria NO23868	Mm.	Kaja av Grani 0794
Fff.	Te Mania Yorkshire Y437 AUVTMY437	Mff.	Boyd Next Day US15347911
Ffm.	Te Mania Lowman Z53 AUTMZ53	Mfm.	NO29125
Fmf.	Circle A2000 Plus US12798179	Mmf.	L. General AUVLYG1730
Fmm.	DMM Lady Essence 4e CA40228	Mmm.	NO30796

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur með miklar útlögur, bakið breitt og vel holdfyllt. Malirnar breiðar og holdmiklar. Holdfylling í lærum mikil. Fótstaða bein, sterkleg, rétt og gleið. Fallegur og jafnvaxinn gripur með mikla holdfyllingu.

Umsögn: Fæðingarpungi var 43 kg. Við vigtun 29. maí 2020 vó Valur 562 kg og hafði því vaxið um 1.568 g/dag frá fæðingu. Valur hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtargetu.

EIRÍKUR 19403 - ET (1662742-0020)


Fæddur 8. júlí 2019 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F.	Horgen Erie NO74029	M.	Maiken av Grani NO102576
Ff.	Horgen Bror NO55754	Mf.	First Boyd frá Li NO74033
Fm.	Horgen Soria NO20276	Mm.	Kari av Grani NO100428
Fff.	LCC Major League A502m CA1182273	Mff.	Boyd Next Day US15347911
Ffm.	Red Brylor Brandy 11c CA765424	Mfm.	NO29125
Fmf.	Wedderlie Netmark A281 UK560308	Mmf.	Te Mania Berkley B1 AUVMTB1
Fmm.	Soria av Horgen NO20276	Mmm.	NO22184

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur og feikilega útlögumikill með mikla holdfyllingu í baki. Malirnar fremur stuttar en ákaflega breiðar og holdugar. Gríðarmikill og kúptur lærvöðvi. rum. Fótstaða ákaflega bein, sterkleg, rétt og gleið. Jafnvaxinn og sérlega vel gerður gripur.

Umsögn: Fæðingarpungi var 46 kg. Við vigtun 29. maí 2020 vó Eiríkur 538 kg og hafði því vaxið um 1.509 g/dag frá fæðingu. Eiríkur hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtargetu.


MÁTTUR 19404 - ET (1662742-0023)

Fæddur 26. júlí 2019 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F.	Horgen Erie NO74029	M.	Maiken av Grani NO102576
Ff.	Horgen Bror NO55754	Mf.	First Boyd frá Li NO74033
Fm.	Horgen Soria NO20276	Mm.	Kari av Grani NO100428
Fff.	LCC Major League A502m CA1182273	Mff.	Boyd Next Day US15347911
Ffm.	Red Brylor Brandy 11c CA765424	Mfm.	NO29125
Fmf.	Wedderlie Netmark A281 UK560308	Mmf.	Te Mania Berkley B1 AUVMTB1
Fmm.	Soria av Horgen NO20276	Mmm.	NO22184

Lýsing: Af Aberdeen Angus kyni. Svartur, kollóttur. Boldjúpur með miklar útlögur, bakið holdmikið og breitt. Malirnar stuttar en breiðar og vel fylltar. Mikil og góð lærahold. Fótstaða sterkleg, rétt og gleið. Mjög vel gerður og fallegur gripur á velli.

Umsögn: Fæðingarpungi var 50 kg. Við vigtun 29. maí 2020 vó Máttur 494 kg og hafði því vaxið um 1.442 g/dag frá fæðingu. Máttur hefur ætíð sýnt jafngóða og mikla vaxtargetu.